

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**Skúlagötu 4****101 Reykjavík****Efni: Umsögn Skógræktarinnar um drög að reglugerð um vernd landbúnaðarlands (landskipti, lausn úr landbúnaðarnotum og flokkun landbúnaðarlands m.t.t. ræktunar), mál nr. 39/2020**

Skógræktin þakkar fyrir tækifæri til að gefa umsögn um þau drög er kynnt voru á Samráðsgátt 14. febrúar 2020.

Að mati Skógræktarinnar skortir reglugerðina heildræna nálgun á notkun landbúnaðarlands. Reglugerðin á að varpa ljósi á mikilvægi lands fyrir fæðuöryggi, sjálfbærni, félagslegan og efnahagslegan hagvöxt og byggðaðróun. Stór vankantur er á reglugerðardrögum. Í 5. grein draganna er sett fram flokkun landbúnaðarlands. Sú flokkun virðist hvorki hafa verið skilgreind, né unnin af þeim fagstofnunum sem Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir. Samkvæmt Landsskipulagsstefnu kafla: 2.3.2 flokkun landbúnaðarlands, skal umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins (nú Landgræðsluna), Skógrækt ríkisins (nú Skógræktina) og Bændasamtök Íslands, standa fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu. Í tillögu til þingsályktunar sem nýverið var lögð fram á Alþingi af Líneik Önnu Sævarsdóttur og fleiri þingmönnum er lögð fram tillaga að aðgerðaráætlun í jarðamálum þar sem m.a. kemur fram áskorun þess efnis að umhverfis- og auðlindaráðherra flýti gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands ofl. <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/0020.pdf>. Ljóst er því að vinna þarf faglega að flokkun landbúnaðarlands og skilgreina flokka landbúnaðarlands skv. þeim leiðbeiningum sem gefnar eru í Landsskipulagsstefnu áður en slíkt flokkun er sett í reglugerð.

Í þeim drögum að reglugerð sem kynnt eru á Samráðsgátt er lagst gegn skógrækt sem þætti í landnotkun og hún greinilega ekki talin til landbúnaðar. Skógrækt er afar mikilvægur og órjúfanlegur þáttur landbúnaðar, bæði erlendis sem og hér á landi. Skógrækt er ein mikilvægasta leiðin sem landeigendur hafa til að kolefnisjafna búrekstur sinn. Auk þess eflir skógrækt aðra ræktun með því að:

- Skjól eykur uppskeru af ræktuðu landi og dýralíf þrífst betur, auk þess sem það dregur úr líkum á foktjóni á bæði mannvirkjum og akurlendi. Skjól kringum akurlendi skapar tækifæri til að rækta nýjar og fleiri tegundir, hvort heldur er fyrir fóðurframleiðslu eða til manneldis.
- Gróðurrendur á milli túna eða akra draga úr útskolun næringarefna í skurði og læki.

- Skógar og skjólbelti draga úr hættu á að ræktunarjarðvegur tapist á haustin og vorin eftir að plægt hefur verið.
- Skógar skapa ýmiskonar afurðir þ.á.m. viðarafurðir, afurðir sem skapa tekjur og nýtast munu í sveitum landsins.
- Skógrækt er afturkræf breyting á landnotkun eins og flestum ætti að vera kunnugt um í einu skóglausasta landi Evrópu. Landi sem áður var vaxið birkiskógum og kjarri á stærstum hluta láglandis en menn eyddu með ósjálfbærri landnýtingu. Skóga má fella og taka land undir önnur not kalli breyttar aðstæður eftir því.

Athygli vekur að ekki er minnst á loftslagsmál og mikilvægi þess að tekið skuli tillit til möguleika landeigenda á að nýta land sitt í tengslum við mótvægisáðgerðir við loftslagsbreytingum, s.s. uppgræðslu lands, ræktun skóga og skjólbelta til kolefnisbindingar eða endurheimt votlendis til að draga úr losun frá landi. Mikil áhersla er lögð á mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum, bæði í stefnu ríkisstjórnar Íslands og í alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að. Í endurskoðun landsskipulagsstefnu sem nú stendur yfir er fjallað um mótvægisáðgerðir gegn loftslagsáðgerðum, sem og að loftslagsmál eru veigamikill þáttur í aðalskipulagsgerð sveitarfélaga. Því vekur það furðu að ekki sé fjallað einu orði um loftslagsbreytingar – hvað þá mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum eða aðlögun að loftslagsbreytingum - í drögum að þeirri reglugerð sem hér er til umfjöllunar.

Skógræktin leggur til eftirfarandi breytingar:

Önnur málsgrein 1. gr orðist svo:

Landbúnaðarsvæði skulu afmörkuð þar sem gert er ráð fyrir landbúnaði og mannvirkjum sem tengjast búrekstri, með áherslu á búfenað, matvæla- og fóðurframleiðslu og skógrækt og landgræðslu. Þá skal gera grein fyrir þróun landbúnaðar í sveitarfélaginu og stefnu varðandi framtíð hans. Fjalla skal um búrekstur sem þar er stundaður, þ.m.t. ferðaþjónustu, garðyrkju, skógrækt, kornrækt, alifuglarækt, svínarækt og annað sem ekki telst til hefðbundinnar sauðfjár- og nautgriparæktar. Gera skal sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum innan landbúnaðarsvæða og stefnu um hvar og hvernig þörfum landbúnaðarstarfsemi verður mætt, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í skipulagsreglugerð og öðrum áætlunum um landnotkun.

Fyrsta mgr., 2. gr. orðist svo:

Óheimilt er að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði nema leyfi ráðherra landbúnaðarmála liggi fyrir, sbr. 6. gr. jarðalaga. Beiðni sveitarfélags til ráðherra um heimild til að breyta skipulagi á þann veg að land sé fært úr landnotkunarflokknum landbúnaðarsvæði til annarra nota (land verði leyst úr landbúnaðarnotum), skal hafa að geyma vegið mat á þeim sjónarmiðum sem greinir í 4. gr. að teknu tilliti til flokkunar landbúnaðarlands, sbr. 5. gr. skógrækt telst til landbúnaðarnota skv. þessari grein.

d-liður 4 gr. orðast svo:

Hvort landbúnaðarsvæði séu heildstæð og samfelld, með hliðsjón af mögulegri framtíðarþörf. Leitast skal við, eftir því sem við á, að t.d. frístundabyggð sé skipulögð á afmörkuðum og samfelldum svæðum.

Önnur málsgrein 4. gr. orðast svo:

Auk þess skal fjalla um önnur sjónarmið eftir því sem við á með hliðsjón af skipulagsáætlun og öðrum lögbundnum áætlunum, samkvæmt mati sveitarstjórnar.

Athugasemdir varðandi 5. gr. (flokkun landbúnaðarlands)

Fjórir flokkar *landbúnaðarlands* virðast samkvæmt skilgreiningum ná yfir afar víðfem svæði. Heita má allt land á Íslandi í dreifbýli, utan jökla og stöðuvatna sé skilgreint landbúnaðarland samkvæmt flokkuninni. Öðrum þræði er í skýringum við einstaka flokka vísað til þess hve vel land hentar til túnræktar eða akuryrkju (*plógtækt land*; á ensku: *Arable land*). Samkvæmt gögnum Alþjóðabankans eru á Íslandi 121 þúsund hektarar af slíku ræktarlandi (1,2% landsins)¹. Samkvæmt sömu gögnum þekja skógar aðeins 0,5% landsins. Ef fremsti tilgangurinn með þessari flokkunarfræði landbúnaðar- eða ræktarlands er sá, að vernda núverandi ræktarland, væri nægilegt að einskorða flokkunina við það 1,2% landsins sem telst ræktanlegt (*plógtækt*) og forðast að einskorða landnýtingu á þorra landsins við tún- eða akurlendi. Óþarfi væri þá að víkka flokkana yfir *rýran móajarðveg og lítt gróin melasvæði* sem og *grýtt land*. Slíkt land telst varla heppilegt ræktarland í skilningi Alþjóðabankans. Þar er um að ræða land sem þarfnast skógræktar eða landgræðslu eða hvors tveggja. Flokka þessa verður að skýra betur og hefja þá vinnu sem Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að skuli vinna. Skógræktin leggur til að þessi drög að reglugerð um vernd landbúnaðarlands verði lögð til hliðar þar til sú vinna hefur átt sér stað.

Fyrir hönd Skógræktarinnar,

Virðingarfyllt



Hreinn Óskarsson
Sviðsstjóri

¹ The World Bank, Data. Arable land and Forest area.
<https://data.worldbank.org/indicator/AG.LND.ARBL.ZS>